

# Sjúkrakostnaðartrygging

Skilmáli nr. S-6

Í skilmála þessum merkir hugtakið "félagið" Vörð tryggingar hf.

## 1. gr. Hverjir eru váttryggðir?

Váttrygging þessi gildir fyrir þá einstaklinga sem skráðir eru á skírteinið.

## 2. gr. Váttryggingartímabil

Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem váttryggður nýtur ekki verndar sjúkratrygginga, sbr. lög nr. 112/2008. Ábyrgð félagsins hefst þegar því hafa borist fullnægjandi heilsufarsupplýsingar sem gera því kleift að samþykka váttrygginguna (sjá einnig næstu grein um iðgjald) og lýkur þegar váttryggður óðlast aðild að sjúkratryggingu almannatrygginga en þó í síðasta lagi á miðnætti skráðs lokadags skírteinisins. Váttryggingin endurnýjast ekki.

## 3. gr. Iðgjald

Iðgjaldið fellur í gjalddaga þegar váttryggingin gengur í gildi, enda sé eigi um annan gjalddaga samið. Sé iðgjaldið ekki greitt innan 60 daga frá gjalddaga er ábyrgð félagsins lokið.

## 4. gr. Landfræðileg mörk

Váttryggingin gildir á sömu landsvæðum og lög um sjúkratryggingar nr. 112/2008.

## 5. gr. Gildissvið váttryggingarinnar

Váttryggingin nær til kostnaðar sem tilgreindur er í stafliðum a-k hér að neðan í samræmi við viðeigandi lagaákvæði sjúkratryggingalaga nr. 112/2008. Váttryggingarverndin er ekki í neinum tilvikum víðtækari en lögin kveða á um en er háð takmörkunum sem fram koma á skírteini eða í váttryggingaskilmálum þessum. Kostnaðarreikningar umfram viðmiðunargjaldskrár Tryggingastofnunar ríkisins eru ekki greiddir úr váttryggingunni. Allar tilvitnanir hér að neðan í lagagreinar eiga við sjúkratryggingalögin:

- Kostnaður við sjúkrahúsvist að ráði læknis, sbr. 18. gr., þó ekki á heilsuhælum nema vegna afleiðinga sjúkdóms eða slyss sem upphaf á og er innan váttryggingartímabilsins, né á fæðingarstofnunum.
- Kostnaður við vistun í erlendu sjúkrahúsi, sbr. 23. gr. Sjúkrahúsvist skal ákvörðuð í samræði við félagið. Sé um bráðatílfelli að ræða og ekki náist til félagsins skal ákvörðun um sjúkrahúsvist vera í samræmi við venjur og reglur Tryggingastofnunar ríkisins. Í þeim tilvikum skal félaginu kynnt ráðstöfunin eigi síðar en í upphafi næsta starfsdags.
- Kostnaður við almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa, sbr. 17 gr.
- Kostnaður við nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir hjá sérfræðingum, sbr. 19 gr.
- Nauðsynlegra lyfja sbr. 25. gr.
- Kostnaður vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar læknis til váttryggðs og flutningskostnaðar váttryggðs í sjúkrahús.
- Kostnaður vegna hjúkrunar í heimahúsum vegna alvarlegra sjúkdóma eða slysa sem eru innan bótaskviðs váttryggingarinnar enda komi heimalaga í stað sjúkrahúsvistar, sbr. 17. gr.
- Kostnaður sem hlýst af því að váttryggðum er nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis. Þessi kostnaður greiðist eingöngu skv. 1. mgr. 33. gr.

## 6. gr. Eigin áhætta

Váttryggður ber eigin áhættu eins og fram kemur á váttryggingarskírteini vegna samanlagðs kostnaðar þeirra bótaskylda sem eru innan váttryggingarsviðs váttryggingarinnar. Fjárhæð eigin áhættu er sú fjárhæð sem váttryggður skal bera á váttryggingartímabilinu umfram lögmæta þátttöku sjúklings í sjúkrakostnaði eins og kann að verða ákveðinn hverju sinni samkvæmt lögum eða reglugerð.

## 7. gr. Takmarkanir á bótaskyldu

Félagið greiðir ekki kostnað:

- Sem er bótaskyldur samkvæmt lögum um sjúkratryggingar eða reglugerðum settum samkvæmt þeim;
- Vegna slyss sem orðið hefur áður en váttrygging þessi tók gildi, nema að félaginu hafi verið kunnugt um það;
- Vegna sjúkdóms sem fyrst hafði sýnt einkenni áður en váttrygging þessi tók gildi, nema að félaginu hafi verið kunnugt um það;
- Vegna tannlækninga eða lýtalækninga, nema um sé að ræða nauðsynlegar bráðaaðgerðir vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms;
- Sem verður verður vegna meðgöngu, fæðingarhjálpur eða sjúkdóma sem rekja má til meðgöngu eða fósturláts;
- Vegna sjúkdóms eða slyss sem rót á að rekja til neyslu áfengis, ávana- eða fíkniefna;
- Vegna áframhaldandi meðferðar á sjúkrahúsi erlendis ef váttryggður neitar að láta flytja sig heim að ráði læknis þess sem hann hefur stundað og/eða trúnaðarlæknis félagsins;
- Vegna ryskinga eða þátttöku í refsiverðum verknaði;
- Vegna slysa sem verða í keppni í hvers konar íþróttum eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Einnig eru undanskilin slyss er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, fjallaklifri, bjargsigi, fallhlífarstökki, sviðflugi, listflugi, einkaflugi eða annarri álíka tómsundaiðkun eða keppni sem sérstök áhætta fylgir. Sumt af því sem hér er undanskilið er þó unnt að innifela í váttryggingunni gegn sérstöku viðbótariðgjaldi;
- Vegna slyss eða sjúkdóms sem beint eða óbeint verður af völdum stríðs, óeirða, uppþota, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða. Sama gildir um afleiðingar kjarnorku, jónandi geislunar, geislavirkra efna, jarðskjálfta eða eldgoss svo og annarra náttúruhamfara.
- Vegna tjóns af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.

**8. gr. Svik og rangar upplýsingar**

Skýri váttryggður sviksamlega frá eða leyni atvikum er skipta máli um ábyrgð félagsins glatar hann rétti sínum, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004. Um svik og rangar upplýsingar við samningsgerð gilda ákvæði sömu laga.

**9. gr. Tilkynning um tjón**

Tjón skal tilkynna félaginu svo fljótt sem verða má. Vanræksla á tilkynningarskyldu getur varðað lækkun eða missi bóta eftir lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

**10. gr. Lög um váttryggingarsamninga**

Lög nr. 30/2004 gilda að öðru leyti um váttryggingu þessa. Í váttryggingarskilmálum þessum eru hugtökin félagið, váttryggingartaki og váttryggður notuð í sömu merkingu og í lögum um váttryggingarsamninga.

**11. gr. Málsmeðferð**

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Ágreiningi um bótaskyldu má skjóta til Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefnd þessa og starfsháttu má fá hjá félaginu. Dómsmál sem kunna að rísa vegna þessa váttryggingarsamnings skulu rekin gegn félaginu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

**Skilmálar þessir gilda frá 01.10.2013**